

Afhent

Dómsmálaráðherra

Jóni Gunnarssyni

11.Maí 2022

### **Greinargerð**

#### **Vegna greiðslna sanngirnisbóta til handa börnum sem dvöldu á barnaheimili hjónanna Einars og Beverly Gíslason**

Það er einlæg ósk okkar Hjalteyrar barna að tekið verði tillit til óska okkar um með hvaða hætti okkur finnst greiðsla sanngirnisbóta eiga að fara fram.

Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að það sem okkur stendur til boða verður að liggja innan marka jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og lagaákvæða ásamt því að vera í samræmi við það sem áður hefur verið gert í þessum málum.

Það er ósk okkar að þær sanngirnisbætur sem okkur munu greiddar beri nafn með rentu og séu ekki aðeins friðþægingar bætur fyrir stjórnvöld til þess eins að geta skreytt sig með þeim á tyllidögum.

Málið er háalvarlegt og hefur haft mikil og alvarleg áhrif á líf okkar allra. Þess vegna er mikilvægt að við komum þessum sjónarmiðum okkar á framfæri til þess að greiðsla og úrvinnsla bótanna verði ekki með þeim hætti að hún valdi enn meiri óbætanlegum skaða en þegar hefur orðið.

Afstaða okkar er í raun sú að það séu engar bætur sem í raun gætu bætt okkur það tjón sem við höfum orðið fyrir og biðjum við þá sem með stjórnina í þessu máli fara, að leggja sig fram við að skilja þá afstöðu. Það er einnig gríðarlega mikilvægt fyrir okkar áframhaldandi bata að upplifun okkar verði ekki sú að þeir sem vilja bæta okkur tjónið eins og hægt er dragi í engu þar úr, því öll minnkun á áhrifum þess skaða sem við urðum fyrir þarna eru skilaboð um að skaðinn hafi ekki verið nógur.

Það er engum vafa undirorpið að með ákvörðun ríkisins, um að gera ekki sérstaka rannsókn á vistheimilinu á Hjalteyri, hafi ríkið viðurkennt og sýnt þá afstöðu sína að viðbjóðslegt ofbeldi af mjög grófu tagi hafi átt sér stað gagnvart börnum á öllum aldri af hendi hjónanna sem vistheimilið ráku, eins og sögur þeirra barna sem hafa nú tjáð sig sýna.

Það má líka geta þess að Vistheimilanefnd, einhverra hluta vegna, ákvað að aðhafast ekkert í

málum sem vörðuðu Hjalteyri og tóku það ekki til rannsókna, sbr. skýrslu nefndarinnar frá 31. janúar 2008, þar sem þess er þó getið

*" var um hrið starfrækt heimili á Hjalteyri í Arnarneshreppi en barnaverndarnefnd Akureyrar og fleiri nefndir norðanlands munu hafa ráðstafað börnum þangað fyrir og um miðjan áttunda áratuginn. Heimilið mun hafa verið starfrækt af hjónunum Einari og Beverly Gíslason og var fyrirmyndin sótt til Kumbaravogs. Ekki er getið um þessa starfsemi í skýrslum Barnaverndarráðs þótt heimilið hafi raunar verið til umfjöllunar ráðsins í talsverðantíma. Tilefnið voru athugasemdir barnaverndarnefndar Akureyrar við starfsemina árið 1977 en þá voru 7 börn á heimilinu. "*

Þessi ákvörðun að rannsaka heimilið ekki samhliða öðrum heimilum, var tekin þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar af aðilum sem dvöldu á vistheimilinu, þ.m.t. frá undirrituðum, og ofangreindra þátta sem benda klárlega á að ekki var allt með felldu.

Árið 2022, 15 árum eftir framangreinda ákvörðun, tókst okkur loksins að ná eyrum ráðamanna eftir að hafa þurft að þola það í öll þessi ár að ítrekaðar ábendingar okkar hafi verið ýmist hundsáðar eða okkur bent á að vistheimilanefnd hafi ákveðið að ekki væri þörf á að kanna málið nánar.

Það hefur verið sárt og slítandi að upplifa það öll þessi ár að manni sé ekki trúað. Það er því mikill léttir að við höfum nú loksins fengið viðurkenningu á tilvist okkar og þeim órétti og ofbeldi sem við vorum beitt., Það gerir okkur mögulegt að setja nýjan upphafspunkt til að vinna í sjálfum okkur og skilja við fortíðina eins og mögulegt er. Fyrir það erum við svo sannarlega þakklát.

Í úrvinnslu sanngirnisbóta er gert ráð fyrir því að viðkomandi einstaklingar sæki um og skrifi ítarlega greinargerð um dvöl sína, þ.e. þann skaða sem viðkomandi telur sig hafa orðið fyrir og helst af öllu fara í ítarlega gagnasöfnun til leggja fram því til sönnunar. Og bætur ákvarðaðar út frá því.

Undirritaður þekkir vel til þessara mála þar sem hann hefur þegar aðstoðað 7 einstaklinga við umsókn bóta að þessu tagi, sem dvöldu á öðrum stöðum og hefur þurft að eiga bæði samskipti við þá aðila sem hafa séð um þessar greiðslur hjá Sýslumanninum á Siglufirði, úrskurðarnefnd sanngirnisbóta og talsmann vistheimilabarna Guðrúnu Ögmundsdóttur heitna, á sínum tíma. Það verður að segjast eins og er að það ferli allt saman á ekkert skylt við sanngirni.

Það ætti að vera hæðarleikur fyrir ríkið að sanna hverjir þarna voru því þau gögn hljóta að vera til. Það hins vegar að fólk sem á barns aldri hafi verið beitt svo miklu ofbeldi, andlegu, líkamlegu, kynferðislegu og af öllum mögulegum toga, órétti og vanrækslu að afleiðingar þess vara enn þann dag í dag um 5 áratugum síðar, segir allt sem segja þarf.

Þannig er það þó einnig að þegar þetta kom upp á yfirborðið nú þá komumst við að því að margir sem þarna dvöldu upplifa enn svo mikinn sársauka í sálinni að þeir treysta sér ekki einu sinni til að deila því með sínum nánustu ættingjum eða öðrum sem þarna dvöldu.

Þetta skilur undirritaður vel, því sem dæmi þá sótti ég um bætur fyrir tengdaföður minn 2010 og þurfti að fara í gegnum þetta ósanngjarna ferli, að horfa uppá mann sem aldrei tjáir sig um tilfinningar eða líðan, brotna saman fyrir framan mig, nötra og skjálfa vegna upplifana sem hann mátti þola í sinni dvöl, þetta er bara eitt af því sem ég vil hreinlega ekki að aðrir þurfi að ganga í gegnum, því það eitt og sér mætti í raun flokka undi ofbeldi.

Margir hverjir hafa vegna þessarar dvalar glímt við bæði líkamlega og andlega kvilla gegnum allt lífið með miklum skerðingum á lífskjörum og lífsgæðum, en jafnframt lokað algjörlega niðri af hvaða völdum þessir kvillar og skerðingar eiga rætur sínar. Sumir hafa lent í klóm fíknar af ýmsu tagi, og sumir náð sér upp úr henni með mikilli vinnu, aðrir ekki.

Undirritaður setti sig í samband við Ester Ingvarsdóttur barnasálfræðing til að leita álits á hvað henni finndist um þetta fyrirkomulag og var hún sammála okkur um að sumir væru hreinlega ekki færir um það vegna eðlis brotanna

Hún segir

*" Í fyrsta lagi, það er ekki alltaf raunsæ krafa að fólk rifji upp eitthvað sem gerðist í barnæsku, sérstaklega ef það var fyrir 5 ára aldur.*

*Það er auðveldara fyrir einstaklinga að rifja upp ef þeir urðu fyrir ákveðnu atviki, t.d. barsmíðum, nauðgun og þessháttar, en andlegt ofbeldi getur verið erfitt að útskýra þannig að fólk skilji. Það er erfitt fyrir fullorðna, og hvað þá fyrir einhvern sem hefur minningu sem varð til í huga barns. Fyrir utan líkamlegt ofbeldi, að þá er skaðinn sem það veldur barni að hafa ekki öryggi, hafa ekki stjórn á lífi sínu – eða stjórn á því sem kemur fyrir það – að lifa í heimi sem er óútreiknanlegur. Að vera bjargarlaus. Þetta sviptir einstaklinga þessum grunnþætti, að geta/reyna að bjarga sér með einhverjum hætti.*

*Niðurlæging, skammir, uppnefningar – og það að þú ert stöðugt leiðréttur, sagt að upplifun þín sé röng eða ljót, veldur því að einstaklingar hætta að treysta á eigið innsæi, eru uppfullir af skömm, sektarkennd og með slakt sjálfstraust.*

*Slík upplifun í æsku veldur því að einstaklingar þroskast ekki eðlilega, þá sérstaklega hvað varðar félags- og tilfinningaþroska. Sem fullorðinn einstaklingur er þetta gríðarlega mikilvægt upp á að mynda tengsl við aðra, halda vinnu og finna lausnir á vandamálum.*

*Einstaklingar með skertan félags- og tilfinningaþroska, sem auk þess hafa ekki leiðir til bjargráða, hafa ekki það sem til þarf til að geta leitað eftir /sótt um bætur. Það ætti að vera ríkisins að koma til móts við þessa einstaklinga, það er búið að svipta þá því sem þeir þurfa til að geta sótt rétt sinn, og sótt hjálp.*

*Ef fólk á að rifja upp eitthvað sem það hefur ekki gert í mörg ár, þarf það að vera undir handleiðslu sérfræðinga – og þá sérfræðinga sem þeir hafa mjög títt aðgengi að á meðan þetta fer fram.*

*Hættan verður sú – eins og þú ert að lýsa í bréfinu – að þeir sem standa höllustum fæti og þyrftu helst á bæði bótum og hjálp að halda, munu ekki fá hana. "*

Einhverjir hafa reynt að vinna í sjálfum sér, og mætti nefna sem dæmi að undirritaður hefur verið hjá fimm mismunandi sálfræðingum, þremur geðlæknum og iðjupjálfa, farið í þrjár áfengis meðferðir og náð í dag meira en tveggja áratuga samfelldri edrúmennsku, einnig hefur undirritaður glímt við mjög alvarlegt þunglyndi frá unglingsárum, innlögnum, og sjálfsvígstilraunum og hugsunum sem þegar upp er staðið má allt saman tengja þessum tíma og þeirri meðferð sem við hlutum.

Það eru þó ekkert allir svo heppnir að hafa lifað til dagsins í dag, og það eru ekkert allir svo heppnir að hafa getað fengið aðstoð við hæfi sem þeim hentar til að vinna á þessu. Eftir að þetta komst í háamæli á síðasta ári, hafa ýmsir haft samband og deilt því að þeir treysti sér ekki til að rifja þetta upp, hafi hreinlega brotnað saman og aðrir hafa sagt að sumt sé best grafið sem dýpst.

Eftir samtal við áfallastreitu sálfræðing sem undirritaður sækir aðstoð hjá mánaðarlega um þessa hluti er ekki annað hægt en að komast að þeirri niðurstöðu að horft sé til þess að ítarleg upprifjun á þessum atburðum eins og krafist er í úrvinnslu sanngirnibóta kunní að valda meiri skaða en að láta kyrrt liggja., Upprifjun af þessu tagi kann að ýta undir lífslok (valda sjálfsvígi ) einhverra vegna óbærilegs sársauka, eða valda þeim öðrum óafturkræfum skaða. Það er því ábyrgðarhluti að sýna mennsku og leyfa lausninni að liggja í betrun en ekki versnun.

Lausnin sem við sjáum á þessu máli og yrði ríkinu til sóma og væri jafnframt innan ramma jafnræðisreglu og þeirra laga sem sett hafa verið, þó svo aðferðafræðin væri örlítið með öðru sniði, sem væri í senn bæði sanngjarnari og mannúðlegri nálgun, og setti sanngirnibæturnar á þann stall að þær bæru nafn sitt í samræmi við tilganginn.

Við gerum okkur grein fyrir að upphæðunum verður nú vart hæggað ef maður þekkir ferlið rétt, þrátt fyrir að raunverulegur fjárhagslegur skaði margra vegna beinna áhrifa sem af þessari dvöl var, kunni að hlaupa á tugum milljóna ef ekki hundruðum.

Sem lítið raunverulegt dæmi mætti nefna það að einstaklingur sem þarna dvaldi sem ungabarn, glímir enn þann dag í dag við brenglaða sjálfsmynd, mikinn kvíða og endaði á örorku 2005 vegna langvarandi þunglyndis sem er bein afleiðing af þeirri meðferð sem hann fékk þarna sem barn, en hefði ef allt hefði verið í sóma, a.m.k. orðið meðaltekju maður í samfélaginu og búið við talsvert betri lífsgæði og afkomu en raun ber vitni, bara mismunurinn á meðaltekjum þessara ára frá því hann var settur á örorku og örorkubótunum er yfir 60 milljónir.

Þetta dæmi er aðeins nefnt hér til að menn átti sig á því að fimm, tíu, 15 eða 20 milljónir myndu aldrei ná að bæta þann skaða sem þarna varð. Það má líka horfa til þess svona til að setja þetta í eitthvað samhengi, að dæmi eru um í samfélaginu okkar að fólk sem einfaldlega hefur ekki fengið opinber störf sem það telur sig hæft til að sinna og hefur sótt um en verið hafnað, hefur fengið um og yfir 20 milljónir af þeim sökum einum saman, mögulegt launatap þeirra ára sem ráðningin átti að standa yfir.

Hér í okkar tilfellum erum við að tala um skaða sem börn urðu fyrir og hefur varað í allt að 50 ár, og mun í mörgum tilfellum vara enn lengur, en af sanngirni og með tilliti til jafnræðisreglu, er það skoðun okkar að vísitölutengdar hámarksbætur á hvern og einn þann einstakling sem þarna dvaldi óháð tíma og sönnunar á skaða ( einfaldlega vegna þess að sú vinna án verulegarar aðstoðar gæti ýtt viðkomandi alfarið fram af bjargbrúninni ) og gæti hæglega valdið enn meiri skaða, myndi sýna vilja ríkisins til að gera sitt allra besta í því að bæta þann skaða sem orðinn er, svo sómi sé af að teknu tilliti til áður nefndar jafnræðisreglu og lagaákvæða, því hámarksbætur sem áður hafa verið ákvarðaðar passa innan þess ramma.

Upphæð undir hámarksbótum væri aftur á móti skilaboð um að dvölin hefði nú ekki valdið nægjanlegum skaða og þurfi því ekkert að sýna raunverulega iðrun á meðferð barnanna í verki.

Börnum sem var nauðgað, þau lamin, reynt að drekkja þeim, sjóðandi heitu vatni hellt yfir hendurnar á þeim, þau lokuð inn í myrkrakompu dögum saman með fötu til að skíta í, drengir sem voru lamdir með reglustiku í kynfærin 10 ára af því að þeir fengu standþínu, skrúbbuð til blóðs vegna þess hve óhrein þau voru á sál og líkama, drengir láttnir sjúga kynfæri forstöðumannsins, börn sem kölluð voru börn djöfulsins og því komið að hjá þeim að þau væru einskins virði og það vildi ekki nokkur maður neitt með þau hafa og þess vegna væru þau þarna. Börnum sem var meinað að fá heimsóknir, hvort sem var foreldra eða ættingja, þeim var snúið við í hliðinu og svo ýmislegt fleira því þessar lýsingar eru aðeins brot af því sem þarna átti sér stað.

Þessi börn eiga ekki einni krónu minna skilið en hæstu mögulegu bætur og í raun miklu miklu meira en það og allt þar undir er með öllu óviðeigandi og raunverulega, tilraun til að draga úr

alvarleika málsins.

Öll börnin sem þarna voru urðu að einhverju leyti fyrir áhrifum þessa sem ég nefni hér að ofan. Því hljómar kannski furðulega að við horfum til sanngirnis gagnvart ríkinu og þeirra sem báru ábyrgð á því að við vorum vistuð þarna, en við viljum sanngjarna lúkningu og nýjan upphafspunkt í lífinu til að geta unnið út frá og sagt skilið við fortíðina í þessu máli.

Meira að segja yngstu börnin sem þarna voru komu þaðan skemmd líffræðilega vegna vanrækslu, með rangar og vanþroskaðar taugabrautir í heila sem síðar á lífsleiðinni ollu þeim enn meiri skaða. Sá sem þetta skrifar lá fárveikur í hálf tveim árum að sögn hjónanna sjálfra og endaði á sjúkrahúsi með heilahimnubólgu nær dauða en lífi og var ekki sendur aftur í vítisdvölinu, læknum og barnaverndaryfirvöldum þótti það óráðlagt.

Það sem við höfum heyrt af þeim breytingum sem urðu á bótagreiðslum 2015 er að það sé litið svo á að eingreiðsla sé til þess fallin að ljúka málinu að hálfu ríkisins fyrir fullt og allt, það er gott og gilt, en það hefur einnig verið hugmynd okkar og ósk að til viðbótar veiti ríkið þeim sem það vilja aðgang að gjaldfrjálsri sálfræðiaðstoð og/eða annarri sérfræðiaðstoð við hæfi ef svo ber undir, aðstoð sem hentar hverjum og einum að eigin vali.

Þetta er mikilvægt vegna eðlis svona þjónustu, og ekki síst í því ljósi hvað það hefur einnig tekið okkur langan tíma að ná eyrum ráðamanna þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til þess síðan 2007, að gera sér grein fyrir því að oft tekur tíma fyrir sálfræðinginn eða sérfræðinginn að ávinna sér traust svo hægt sé að vinna með viðkomandi einstakling og hjálpa honum í að vinna úr þeim skaða sem hann hefur orðið fyrir. Sá kostnaður á í raun ef sanngirni er gætt ekki heima í smánarlegum sanngirnisbótum sem eru langt undir þeim raunverulega fjárhagslega skaða sem þegar hefur orðið hjá þeim einstaklingum sem þarna hafa verið

Það gæti verið erfitt að binda ákveðinn tímafjölda svo sanngirni sé gætt, en annað hvort væri hægt að setja ákveðinn fjölda tíma, sem byrjunarpunktur sem sálfræðingurinn / sérfræðingurinn gæti þá óskað eftir að verði fleiri, meti hann að svo þurfi, eða bjóða upp á 30 klst fyrir alla, tíu tímar eru eitthvað sem vitað er að hafi áður verið boðið upp á í svona tilfellum ásamt áframhaldi, meti sérfræðingur þörf á því, 10 tímar væru því aðeins rétt byrjunin í tilfellum margra, bara sem lítið dæmi má nefna að undirritaður hefur nú þegar þurft tæpa 90 tíma til að vinna úr sínum málum og á enn talsvert í land. Þess ber þó einnig að geta að það eru ekkert allir sem treysta sér í eða þurfa aðstoð af þessu tagi, en það ætti að vera möguleiki til viðbótar raunverulegum bótagreiðslum.

2010 tíðkaðist það að greiða sanngirnisbætur í nokkrum smáum greiðslum en eftir því sem mér skilst hefur því fyrirkomulagi verið breytt og bæturnar nú greiddar í eingreiðslu og er það mikil bót fyrir alla, þar sem það gerir þeim sem greiðslurnar fá kleyft á markvissari hátt að bæta lífsgæði þegar þess þarf, og geta þá jafnframt látið verða eitthvað varanlegt úr

bótunum.

Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra að bætur af þessu tagi verði til bóta og bættra lífsgæða, en sýni jafnframt raunverulega iðrun kerfisins í verki, því væri einnig skoðandi á nýjum tímum að bjóða með þessu tíma í fjármálaráðgjöf til þess að gera þeim sem bæturnar byggja mögulegt að hámarka nýtingu þeirra.

Það sem við nefnum hér er ekki eitthvað sem við krefjumst af frekju og yfirgangi, heldur fyrst og fremst ábendingar um hvernig mögulegt væri af mannúð og örlítilli sanngirni að koma til móts við okkur svo allir geti vel við unað og hafið nýja vegferð út frá nýjum tímamarki og reynt þar með að skilja skemmandi fortíðina eftir þar sem hún á heima, í fortíðinni.

með vinsemd og virðingu

f.h. Hjalteyrarbarna

---

Steinar Immanúel Sörensson